

Efni: Til skýringar vegna breytinga á útboðsskilmálum vegna kaupa Seðlabanka Íslands á íslenskum krónum í skiptum fyrir evrur, þann 13. júní 2016

Taflan endurspeglar tryggt verð í útboðinu. Til dæmis ef „samtala magntilboða og gildra verðtilboða“ berast fyrir 100.000.000.000 kr. þá eru tilboðsgjafar öruggir með 200 kr. pr. evru. Hins vegar útilokum við ekki að samþykkja verð sem gæti verið lægra. Sama má segja ef „samtala magntilboða og gildra verðtilboða“ berast fyrir 175.000.000.001 kr. eða meira, þá eru tilboðsgjafar öruggir með að fá 190 kr. per evru. Hins vegar útilokum við ekki að samþykkja lægra verð, enda eiga tilboðsgjafar nú rétt á að senda inn tilboð á lægri verðum. Ef við myndum samþykkja lægra verð þá myndu öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price).

Með öðrum orðum taflan veitir tryggingu fyrir þaki á verðinu þ.e.a.s. ef magnið uppfyllir nauðsynleg skilyrði. Hins vegar er ekki útlokað að við getum samþykkt lægra verð í útboðinu en taflan sýnir

Samtala magntilboða og gildra verðtilboða:	Verð:
0 kr. – 50,000,000,000 kr.	210 kr. pr. evru
50,000,000,001 kr. – 75,000,000,000 kr.	205 kr. pr. evru
75,000,000,001 kr. – 125,000,000,000 kr.	200 kr. pr. evru
125,000,000,001 kr. – 175,000,000,000 kr.	195 kr. pr. evru
175,000,000,001 kr. eða meira	190 kr. pr. evru

Aðilar geta sent inn tilboð hlaupandi á einnar krónu einingum. Samþykkt verð á bilinu 190 og 210 hlaupa hins vegar á 5 krónum. Samþykkt verð undir 190 kr. geta hins vegar hlaupið á einna krónu einingum.

Allar nánari fyrirspurnir má senda á netfangið fxauction2016@cb.is